

FUNDARGERÐ

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna haldinn 5. apríl 2011 á Hótel Loftleiðum

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2011 var haldinn á Hótel Loftleiðum, Þingsal 4, þriðjudaginn 5. apríl 2011 kl. 17:30. Fundurinn hófst með því að Friðbert Traustason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki. Hinrik tók við stjórn fundarins og lagði til að Jón Þór Grímsson tæki að sér fundarritun. Jafnframt tilkynnti hann að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti því yfir að hún væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og þar með væri fundurinn löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2010.
- 2) Tillögur stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna til breytinga á samþykktum sjóðsins.
- 3) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Tryggingarfræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand. act. fyrir báðar deildir sjóðsins miðað við árslok 2010 var aðgengileg á vefsíðu sjóðsins, www.lifbank.is

Var nú gengið til formlegrar dagskrár í samræmi við 6. gr. samþykktu sjóðsins. Röð dagskrárliða var eftirfarandi skv. samþykktum sjóðsins og ákvörðun fundarstjóra:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins
- 3) Tryggingarfræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- 4) Fjárfestingastefna sjóðsins og árangur fjárvörsluaðila.
- 5) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.
- 6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna
- 8) Önnur mál.

1) Skýrsla stjórnar

Friðbert Traustason, formaður stjórnar reifaði helstu þætti í starfsemi sjóðsins á síðasta ári. Stjórn sjóðsins var í lok árs 2010 skipuð 6 mönnum. Þrír stjórnarmenn eru fulltrúar sjóðfélaga en þeir eru Friðbert Traustason, formaður, Helga Jónsdóttir og Sigurjón Gunnarsson. Hinir þrír eru fulltrúar aðildarfélaga en þeir eru Atli Atlason, Ingvar A. Sigfússon og Hermann Björnsson. Starfsmenn sjóðsins eru fjórir og er Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri sjóðsins.

Stjórnarfundir á árinu voru haldnir reglulega en einnig voru u.þ.b. 20 óformlegir fundir haldnir í gegnum síma eða netsamband. Auk hefðbundinna starfa stjórnar sem felast m.a. í athugun á úrskurðum um lífeyri og lánsúmsókna, vann stjórnin mikið með tryggingafræðingi og lögfræðingi sjóðsins. Hámark sjóðfélagalána er nú 25 milljónir króna til allt að 40 ára og vextir lánanna eru nú 4,2%, en þeir eru óbeint tengdir vöxtum annarra lífeyrissjóða. Því miður voru fáar lánsúmsóknir á árinu vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Vinna með tryggingafræðingi og lögfræðingi sjóðsins var mikil á árinu en eftirlit með lífeyrissjóðum hefur aukist verulega. Stjórnin vann auk þess náið með endurskoðendum og ráðgjöfum vegna fjárfestingarstefnu.

Fjármálaeftirlitið hefur bannað þremur starfsmönnum Landsbankans og Arion banka hf. að sitja í stjórn sjóðsins þar sem ákvæði í lögum um fjármálafyrirtæki banna það að starfsmenn fjármálafyrirtækis séu í stjórn lífeyrissjóðs. Vegna þessa tóku varamenn framangreindra aðila sæti í stjórn sjóðsins þann 1. apríl s.l. Nýtt frumvarp er nú til meðferðar hjá Alþingi en verði frumvarpið að lögum þá geta sjóðfélagar, þrátt fyrir ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, skipað starfsmenn fjármálafyrirtækis í stjórn lífeyrissjóðs að uppfylltum öðrum skilyrðum laganna. Núna hafa varamenn tekið sæti aðalmanna sem þurftu frá að hverfa. Hugsanlega verður tekið það skref að allir stjórnarmenn verði kosnir af sjóðfélögum, en það er í skoðun núna.

Friðbert gat þess næst að stundum hafi verið í umræðunni að það sé lítið eftirlit með lífeyrissjóðum. Fjármálaráðuneytið verður að samþykkja allar breytingar á samþykktum, en Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með því að lögum sé framfylgt og fær eftirlitið ársfjórðungslegar skýrslur um rekstur og fjárfestingar sjóðsins. Félagslega kjörnir skoðunarmenn framkvæma skoðun á öllum fjármálagerningum og dásama endurskoðendur það að hafa þessa skoðunarmenn. Löggiltir endurskoðendur sjá um ársreikning og aðrir endurskoðendur sjá um innri endurskoðun. Síðan fylgist endurskoðunarnefndin með vinnu endurskoðenda. Til viðbótar þessu sér tryggingafræðingur um tryggingafræðilega úttekt. Friðbert tók fram að honum væri ekki kunnugt um nokkurn aðila sem væri undir meira eftirliti en lífeyrissjóðirnir auk þess sem Friðbert sagði að í ár hefðu engar athugasemdir borist frá endurskoðendum sjóðsins.

Þessu næst fór Friðbert yfir fjárfestingar sjóðsins. Að sögn Friðberts voru fjárfestingar erfiðar eins og hjá öllum öðrum á markaðinum. Mikil íhaldssemi var í fjárfestingum, sérstaklega hjá Hlutfallsdeildinni. Friðbert fór þessu næst yfir fjárfestingarmöguleika. Lágir vextir eru á ríkisskuldabréfum, innlánsvextir eru lágir, erfitt er að fjárfesta í skuldabréfum útgefnum af sveitarfélögum og lítil eftirspurn er eftir sjóðfélagalánum. Lokað er fyrir erlendar fjárfestingar. Lífeyrissjóðurinn er með u.þ.b. 480 milljóna króna skuldbindingu í Framtakssjóði Íslands. Friðbert er í ráðgjafarráði og gerir hann ráð fyrir því að þau kaup sem hafa verið framkvæmd gefi vel af sér. Síðan er sjóðurinn búinn að vera að kanna fjárfestingar í raforkuframleiðslu og dreifingu. Sjóðnum var boðið að vera með í kaupum á 25% hlut í Magma en það þótti of áhættusamt og var hætt við aðkomu að því verkefni. Friðbert gat þess að uppi væri hugmynd hjá lífeyrissjóðum um að byggja virkjun en ekkert hefði verið ákveðið í því sambandi.

Næst vék Friðbert að starfsemi einstakra deilda og byrjaði á Hlutfallsdeild. Frá ársbyrjun 2008 hafa 99% af eignum deildarinnar verið í íslenskum krónum. Stærsti hluti eignanna eru skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs og innlán. Mikið er fjárfest í íbúðabréfum þar sem reynt er að para saman gjalddaga íbúðabréfanna við útgreiðslu lífeyris, en stefnan er að eiga íbúðabréfin til lokagjalddaga þeirra. Að sögn Friðberts var skynsamlegt á sínum tíma að selja erlendu eignirnar og fara yfir í íslenskar krónur. Hrein eign til greiðslu lífeyris er u.þ.b. 32 milljarðar króna, nafnávöxtun var 7,43% og raunávöxtun var 4,70% sem er sú besta sem Friðbert hefur séð í ár. Hlutfallsdeildin þarf a.m.k. 3,5% raunávöxtun og þolir deildin litlar sveiflur. Eignirnar hafa verið færðar niður um 150 milljónir króna á árinu, þ.e. skuldabréf sem Byr átti að greiða af hefur verið fært niður að fullu.

Friðbert tók fram að í Hlutfallsdeildinni þá fækkar greiðandi sjóðfélögum og eru þeir núna 403. Fjöldi sjóðfélaga sem eru á lífeyri fjölgaði um 62 á árinu og eru þeir núna 758. Helstu óvissuþættir varðandi þessa deild eru aukin örorka, 3,5% ávöxtunarkrafa, 95 ára reglan og lengri lífaldur. Tryggingafræðileg staða er -6,05% og því er ekki ástæða til þess að skerða réttindi, en samkvæmt lögum þarf að skerða réttindi ef niðurstaðan er undir -5,00 í 5 ár. Ef við færðum ávöxtunarkröfuna niður í 3,25% á ári þá hefði það í för með sér tölvert verri niðurstöðu varðandi stöðuna á heildarskuldbindingum. Friðbert gat þess að þar sem við erum að færast nær því vaxtastigi sem er í Evrópu þá gæti þurft að endurskoða ávöxtunarkröfuna og gera viðeigandi breytingar.

Þessu næst snéri Friðbert sér að umfjöllun um Aldursdeild, en henni var breytt úr Stigadeild árið 2008. Öll réttindaávinnsla í deildinni er í samræmi við aldur sjóðfélaga og iðgjöld. Hrein eign til greiðslu lífeyris var rúmir 14 milljarðar króna í árslok 2010. Hrein nafnávöxtun deildarinnar var 5,84% og hrein raunávöxtun var 3,15%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tólf ár er

3,54%. Sjóðurinn þarf að lágmarki 3,5% raunávöxtun, en Aldursdeildin þolir vel sveiflur í ávöxtun. Eignasamsetning deildarinnar í lok árs var þannig að u.þ.b. 90% af heildareignum voru í íslenskum krónum og 10,79% voru í erlendum myntum. Útkoma deildarinnar er ágæt miðað við aðra lífeyrissjóði. Í Aldursdeildinni eru virkir sjóðfélagar 1835 og fjölgaði þeim um 41 á árinu en allir nýráðnir starfsmenn fara í Aldursdeildina. Tryggingafræðileg staða er -4,45 en samkvæmt lögum þarf að skerða réttindi ef niðurstaðan er undir -5,00 í 5 ár. Eignasafnið er ágætt en oft er erfitt að endurfjárfesta þar sem lítið er um góða fjárfestingamöguleika. Samningur um fjárvörslu var gerður við Íslensk verðbréf og eru u.þ.b. 2 milljarðar króna þar í vörslu. Erlendar eignir deildarinnar eru hins vegar í vörslu Landsbankans. Að lokum nefndi Friðbert það að fjárfestingarstefna Aldursdeilda yrði endurskoðuð reglulega, en það sama á ekki við um Hlutfallsdeild.

2) Kynning og afgreiðsla ársreiknings sjóðsins.

Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins gerði því næst grein fyrir ársreikningi sjóðsins og fór hann yfir hvora deild fyrir sig.

Fyrst fór Sigtryggur yfir breytingar á hreinni eign Hlutfallsdeilda. Hrein eign Hlutfallsdeilda í árslok 2010 var rúmir 32,3 milljarðar króna og raunávöxtun ársins var 4,70% samanborið við 3,08% árið 2009. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning deildarinnar. Sigtryggur gat þess að hrein eign umfram heildarskuldbindingar væri -6,05 samanborið við -5,8 á árinu 2009.

Að lokinni umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild fór Sigtryggur yfir Aldursdeild og byrjaði hann þar einnig á að fara yfir breytingar á hreinni eign deildarinnar en hrein eign deildarinnar var u.þ.b. 14,2 milljarðar króna í árslok 2010. Raunávöxtun deildarinnar 3,15% á árinu samanborið við 2,18% á árinu 2009. Sigtryggur tók fram að um 196 milljónir króna væru enn ógreiddar í séreignarsjóð en ekki hefur tekist að inna þessar greiðslur af hendi þrátt fyrir ítrekaðir tilraunir. Ástæða þess er sú að reglur vörsluaðila séreignasparnaðar eru þannig að ekki er hægt að greiða þessa fjármuni nema sjóðfélagi hafi áður gert samning við slíkan aðila og láti síðan sjálfur vita hvert greiða eigi peningana. Hrein eign umfram heildarskuldbindingar í Aldursdeild er -4,45% samanborið við -3,70% á árinu 2009. Því næst fór Sigtryggur yfir efnahagsreikning deildarinnar en benti jafnframt á mjög ítarlegar skýringar endurskoðanda með ársreikningnum sjálfum varðandi báðar deildirnar.

Sigtryggur lauk máli sínu og Hinrik gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga deildanna. Ekki tóku fleiri til máls og var ársreikningurinn og skýrsla stjórnar því næst borinn upp til samþykktar og var samþykktur samhljóða.

3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt deilda sjóðsins en skýrslur hans voru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins www.lifbank.is. Bjarni fór yfir helstu niðurstöður úttektarinnar í fyrirliggjandi skýrslum um báðar deildir. Þá gerði Bjarni grein fyrir þeim aðferðum sem beitt var við úttektina. Í tryggingafræðilegri úttekt eru verðmæti eigna sjóðsins og iðgjöld borin saman við skuldbindingar til greiðslu lífeyris samkvæmt gildandi samþykktum.

Í umfjöllun sinni um Hlutfallsdeild nefndi Bjarni að með tryggingafræðilegri úttekt væri verið að bera saman eignir sem fram koma í ársreikningi við þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur tekist á hendur til greiðslu lífeyris en í þessu sambandi tölum við annað hvort um framtíðarstöðu eða áunna stöðu. Með framtíðarstöðu er átt við skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn vegna ætlaðra iðgjalda en þegar talað er um áunna stöðu þá er átt við skuldbindingar vegna þeirra réttindi sem sjóðfélagar hafa þegar áunnið sér. Í Hlutfallsdeildinni er áunna staðan rúmlega 32 milljarðar króna en með endurmati er staðan rúmlega 35 milljarðar króna. Ef við reiknum út

hversu miklar eignir deildin þarf að eiga m.v. að við náum alltaf 3,5% raunávöxtun þá er niðurstaðan rúmir 36 milljarðar króna. Bjarni nefnir að vegna endurmatsútreikninga þá sé ekki hægt að bera saman ávöxtun skv. ársreikningi við ávöxtun samkvæmt tryggingafræðilegri athugun. Tryggingafræðilega staðan, áunna staðan, er nú -4,3%. Að sögn Bjarna er ákveðin hætta á því að reikningsdæmið nái ekki að ganga upp þar sem erfitt er að ná 3,5% raunávöxtun á hverju ári en reikniforsendur við tryggingafræðilega úttekt gera ráð fyrir því að sú ávöxtun náist. Þau 12 ár sem deildin hefur starfað þá hefur meðalársávöxtunin verið eiginlega nákvæmlega 3,5%. Það er áhyggjuefni ef nýting 95 ára reglunar eykst mikið frá því sem verið hefur þar sem það gæti leitt til þess að ekki verði hægt að standa við öll þau lífeyrisréttindi sem fólk hefur áunnið sér. Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar Bjarna varðandi Hlutfallsdeildina var sú að ekki þurfi að færa niður réttindi sjóðfélaga samkvæmt núgildandi lögum.

Þessu næst vék Bjarni sér að Aldursdeild. Staðan í þeirri deild batnar örlítið á milli ára, þ.e. áunna staðan. Áföllnu réttindin í þessari deild eru miklu meiri þar sem verið er að loka deildinni. Bankahrúnið og allt sem tengist því gerir það þó að verkum að áfallna staðan er u.þ.b. -10%. Að sögn Bjarna þá verður erfitt að jafna þessa stöðu án þess að skerða réttindin. Þetta er þó miklu minna áfall en hjá flestum öðrum lífeyrissjóðum sem flestir hafa þurft að færa niður réttindin. Niðurstaða Bjarna varðandi Aldursdeildina er þó sú að ekki þurfi að skerða réttindin samkvæmt núgildandi lögum.

Bjarni lauk yfirferð sinni með því að sýna fundarmönnum til gamans línurit um ólifaða meðalævi við fæðingu eins og hún hefur breyst frá 1975 til 2010 og nefnir Bjarni að sú spurning hljóti að vakna hvort að það sé ekki nauðsynlegt að hækka lífeyrisaldur til samræmis við hækkanði lífslíkur.

Orðið var því næst gefið laust til umræðu um tryggingafræðilega úttekt. Hilmar Friðrik Thorarensen tók til máls og spurði hvað það væru margir í Hlutfallsdeildinni sem væru á eftirlaunum eða örorkubótum. Einnig spurði Hilmar að því hvenær gert væri ráð fyrir því að skerða þyrfti lífeyri. Friðbert svaraði og vísaði í ársreikning varðandi fyrri hluta spurningarinnar. Varðandi skerðinguna þá sagði Friðbert að hann teldi að hún myndi koma til innan 5 ára. Friðbert sagðist ekki sjá fram á að hægt verði að vinna mínusinn upp með ávöxtun auk þess sem ekki er hægt að laga þetta með því að hækka iðgjöld þar sem það eru svo fáir greiðendur í Hlutfallsdeildinni. Hilmar Friðrik þakkaði góð svör.

4) Fjárfestingarstefna sjóðsins – árangur fjárvörsluaðila

Þá tók til máls Friðbert Traustason, formaður, og gerði hann grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Friðbert fór yfir skiptingu fjárfestinga eftir tegundarflokkum þar sem farið var yfir stöðu fjárfestinga hvorrar deildar sjóðsins m.v. desember 2010. Auk þess fór Friðbert yfir markmið um eignasamsetningu, vikmörk, auk þess sem farið var yfir hámark og lágmark fjárfestinga eftir tegundum en deildirnar hafa mismunandi fjárfestingarstefnu þó svo að þær fjárfesti í dag að mestu leyti báðar í innlánum og ríkisskuldabréfum.

Í umfjöllun sinni um Aldursdeild tók Friðbert fram að hann teldi að iðgjöldin yrðu aukin í 12% til þess að bæta stöðu deildarinnar, ekki til að auka réttindin.

Orðið var þessu næst gefið laust um fjárfestingarstefnu sjóðsins en enginn kvað sér hljóðs.

5) Tillögur um breytingar á samþykktum

Sveinn Sveinsson lögmaður sjóðsins kynnti breytingartillögur stjórnarinnar. Sveinn tók fram að það þyrfti reglulega að breyta samþykktum sjóðsins, m.a. til að aðlagja þær að lagabreytingum og breytingum á orðskýringum. Samþykktum hefur ekki verið breytt í tvö ár og því hefur safnast saman þörfin til breytinga.

Eftirtalдар tillögur frá stjórn sjóðsins lágu fyrir fundinum:

Fyrsta tillaga.

Breyting á 2. gr. Stjórn sjóðsins.

Breyting á 2.2

2.2 Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnin skiptir með sér verkum. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 **með síðari breytingum..**

Sveinn útskýrði í hverju breytingartillagan fólst. Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda þá hefur þessi grein stöðugt verið að breytast og því leggur stjórnin til breytingartillöguna.

Önnur tillaga

Breyting á 4. gr. Skiptings sjóðsins í deildir

Breyting á gr. 4.2

4.2 Starfrækt skal sérstök deild fyrir starfsmenn sem hófu störf fyrir 1.1. 1998, með réttindum og skyldum skv. II. kafla (Hlutfallsdeild) og vegna þeirra sjóðfélaga sem hætt hafa störfum **fyrir þann tíma.**

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að verið sé að hnykkja á því að átt sé við sjóðfélaga sem hætt hafa fyrir þennan tíma.

Breyting á gr. 4.3

4.3 Fyrir starfsmenn sem hófu störf eftir 31.12.1997 skal starfrækt deild skv. III. kafla (Aldursdeild).

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna, en breytingin felst í því að orðinu „hefja“ er skipt út fyrir orðið „hófu“.

Þriðja tillaga

Breyting á 5.gr. Uppgjör sjóðsins.

Breyting á gr. 5.1

5.1 Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag hans skv. 24. og 39. gr. laga nr. 129/1997. Leiði rannsókn tryggingafræðings í ljós að misræmi hafi myndast milli eigna og skuldbindinga einstakra deilda skal áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga breytt að fengnum tillögum tryggingafræðings þannig að jöfnuður verði milli eigna og skuldbindinga. Leiði niðurstöður tryggingafræðings í ljós að eignir sjóðsins eða eignir einstakra deilda sjóðsins standi ekki undir skuldbindingum þeirra skal sjóðstjórn fyrst leita leiða til að bæta

ávöxtun sjóðsins eða hækka iðgjöld áður en til skerðinga á réttindum kemur sbr. þó 54. gr. laga nr. 129/1997 **með síðari breytingum.**

Breyting á gr. 5.3

Niður fellur setningin „**Skal endurskoðun reikninga sjóðsins lokið fyrir lok næsta almanaksmánaðar fyrir ársfund ár hvert**“.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að stjórnin teldi að óbreytt ákvæði kæmi í veg fyrir að stjórnin héldi fund og endurskoðaði reikninga sjóðsins í sama mánuði.

Fjórtáa tillaga

Breyting á 9. gr. Iðgjöld til sjóðsins.

Breyting á 9.1

9.1 Sjóðfélagar greiða 4% af föstum mánaðarlaunum sínum í iðgjöld til sjóðsins, og skal fjárhæðinni haldið eftir mánaðarlega af launum þeirra. Enginn skal þó greiða til sjóðsins lengur en í 40 ár **eða þar til 85% eftirlaunahlutfalli er náð.**

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Viðbótin kemur aðallega að notum fyrir þá starfsmenn sem hafa verið í hlutastarfi einhvern hluta starfstímans.

Fimmta tillaga

Breyting á 11. gr. Hlutfall eftirlauna.

Breyting á 11.6

Í fyrstu setningu verður vísan til 1.- 3. tölul. í stað 1.- 5. tölul.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna, en verið er að laga prentvillu.

Sjötta tillaga

Breyting á 12. gr. Örorkulífeyrir.

Grein 12.2 verður

12.2 Hafi sjóðfélagi greitt í sjóðinn í a.m.k. þrjú ár á síðustu fjórum árum og í sex mánuði á síðustu tólf mánuðum á hann rétt á örorkulífeyri ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur orkutapið að minnsta kosti 10%. Uppfylli sjóðfélaginn þessi skilyrði skal hámarks örorkulífeyrir hans vera jafnhár eftirlaunum þeim, sem hann hefði öðlast rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs og sú fjárhæð margfölduð með orkutapsprósentunni og deilt í með hundrað. **Sjóðfélagi skal hafa greitt að lágmarki kr. 35.000 á ári miðað við vísitölu neysluverðs 173,5 fyrir hvert þeirra þriggja ára sem framreikningur er miðaður við.**

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Verið er að þrengja það hverjir njóta þessa framreiknings. Þeir sem ekki hafa greitt tilgreinda fjárhæð í þrjú ár njóta því ekki þessa framreiknings.

Grein 12.7 verður

12.7 Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Örorkulífeyrir skal ekki úrskurðaður hafi sjóðfélagi hafið töku eftirlauna. **Ef sjóðfélagi sem verður fyrir orkutapi hefur öðlast rétt til töku eftirlauna samkvæmt 95 ára reglu stofnast ekki réttur til örorkulífeyris.**

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Sveinn tók fram að verið sé að undirstrika það að sjóðfélagar eigi ekki rétt á hvorutveggja, þ.e. rétt til töku eftirlauna samkvæmt 95 ára reglunni og rétt til örorkulífeyris.

Ný grein 12.9 verður

12.9 Ef rekja má orkutapið til ofnotkunar áfengis, deyfi- eða fíkniefna, skal ekki reikna með réttindum vegna ókomins tíma skv. 12.2.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Sjóunda tillaga

Breyting á grein 13 Makalífeyrir.

Grein 13.6 verður

Til viðbótar þeim makalífeyri sem skilgreindur er að ofan skal sjóðurinn geiða til **dánarbús** dánarbætur í eingreiðslu við andlát sjóðfélaga og skal sú greiðsla fylgja sömu reglum og gilda um hóplíftryggingu bankamanna skv. kjarasamningi **SSF** og bankanna frá 8. júní 1995.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Breytingin felst í því að greitt verður til dánarbús í stað maka og síðan er bætt við SSF.

Áttunda tillaga

Breyting á gr. 14 Barnalífeyrir.

Grein 14.3 verður

14.3 Veiti andlát **eða örorka** sjóðfélagens börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr Lífeyrissjóði bankamanna bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld þangað.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Ný grein 14.4 verður

14.4 Fullur barnalífeyrir skal greiddur hafi sjóðfélagi greitt árlega lágmarksiðgjöld kr. 50.000 á ári miðað við neysluverðsvísitölu 173,5 síðustu tvö ár fyrir orkutap eða andlát. Ef iðgjöld eru lægri skal barnalífeyrir lækka í hlutfalli við innborganir og falla niður ef árleg iðgjöld

eru undir kr. 25.000. Falla greiðslur barnalífeyris jafnframt niður ef greiðslur örorku- eða makalífeyris foreldis eru lægri en kr. 10.000 á mánuði.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna. Verið er að setja inn fjárhæðarskilyrði fyrir greiðslu iðgjalda til þess að barnalífeyrir fái greiddur.

Níunda tillaga

Breyting á gr. 20 Eftirlaun.

Grein 20.1 verður

- 20.1 Sá, sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins og orðinn er 67 ára að aldri, á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum. Upphæð eftirlauna ræðst af innborguðum iðgjöldum og réttindaöflun samkvæmt 19. gr. **Eftirlaunagreiðslur greiðast með sama hætti og laun sjóðfélaga.**

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Tíunda tillaga

Breyting á grein 21 Örorkulífeyrir

Grein 21.3 verður

- 21.3 Til grundvallar örorkulífeyri sjóðsins eru réttindi þau, sem sjóðfélaginn hefur öðlast sbr. 19. gr., Hafi sjóðfélaginn greitt til sjóðsins í a.m.k þrjú ár á undan gengnum fjórum árum eða í sex mánuði á undangengnum tólf mánuðum skal auk áunninna réttinda telja þau réttindi sem hann hefði áunnið sér til 65 ára aldurs miðað við meðaltal iðgjalda hans næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið, sbr. þó 4.mgr. 19. gr. og 5 - 6. mgr. þessarar greinar. Reynist þetta þriggja ára meðaltal sjóðfélaga óhagstætt vegna sjúkdóma eða atvinnuleysis, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja til grundvallar meðaltal iðgjalda fleiri ára aftur í tímann og sleppa því almanaksárinu, sem lakast er.

Sjóðfélagi skal hafa greitt iðgjöld að lágmarki kr. 35.000 á ári fyrir hvert þeirra þriggja ára sem framreikningur er miðaður við. Er sú fjárhæð miðuð við neysluverðsvísitölu 173,5 og tekur breytingum samkvæmt henni.

Ný grein 21.15 verður

- 21.15 Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til sjóðsins á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, storfnast ekki réttur til framreiknings í sjóðnum ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutaps.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Ellefta tillaga

Breyting á 23. gr. Barnalífeyrir.

Ný grein 23.5 verður

- 23.5 Fullur barnalífeyrir skal greiddur hafi sjóðfélagi greitt árlega lágmarksiðgjöld kr. 50.000 ári miðað við neysluverðsvísitölu 173,5 síðustu tvö ár fyrir orkutap eða andlát. Ef iðgjöld eru lægri skal barnalífeyrir lækka í hlutfalli við innborganir og falla niður ef árleg iðgjöld eru undir kr. 25.000. Falla greiðslur barnalífeyris jafnframt niður ef greiðslur örorku- eða makalífeyri foreldris eru lægri en kr. 10.000 á mánuði.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Tólfta tillaga

Breyting á 25. gr.

Grein 25.1 verður

- 25.1 Til viðbótar iðgjaldi skv. 18. gr. skal launagreiðandi greiða 7% iðgjald af sama grunni og tilgreindu er í 1. mgr. 18. gr. til vörsluaðila lífeyrissparnaðar, að vali sjóðfélaga sbr. 8. gr. laga nr. 129/1997 **með síðari breytingum**. Skal við það miðað að greiðsla hefjist þegar iðgjaldatími til sjóðsins skv. 3. gr. hefur náð 3 árum.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Þrettánda tillaga

Breyting á 26. gr.

Grein 26.1 verður

- 26.1 Endurgreiðsla lífeyrissparnaðar sjóðfélaga skv. 24. gr. fer eftir ákvæðum laga og reglugerða hverju sinni og eftir reglum þess eða þeirra vörsluaðila sem hann hefur greitt til, sbr. nú 11. gr. laga nr. 129/1997 **með síðari breytingum** sbr. og gl. nr. 698/1998.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Fjórtánda tillaga

Breyting á 31. grein

Ný grein 31.3 verður

- 30.2 Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. 2.500 krónum á mánuði og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, er sjóðnum heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings. Viðmiðunarfjárhæð þessi er miðuð við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar eins og hún var í janúar 2007 og breytist í samræmi við það.

Sveinn skýrði í hverju breytingarnar eru fólgnar og las upp breytingartillöguna.

Þessu næst var orðið gefið laust um breytingartillögunar. Fundarstjóri tók fram að í 7. gr. samþykktar sjóðsins kæmi fram að tillögur um breytingar á samþykktum skuli hafa borist stjórn

a.m.k. tveimur mánuðum fyrir ársfund og að miði tillögunar að aukningu þeirra réttinda, sem sjóðurinn veitir eða fjárfestingarstefnu sem ætla má að hafi áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris, skuli fylgja með tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytinganna á gjaldhæfi sjóðsins. Fundarstjóri spurði hvort þetta hefði verið kannað. Bjarni Guðmundsson svaraði því til að einhverjar breytingartillögur fælu í sér minniháttar lækkun en taldi ekki að um aukningu réttinda væri að ræða.

Guðríður Kristjánsdóttir spurði hvort tillaga að breytingu á grein 14.3. hefði það í för með sér að það sem sjóðfélagi ætti inni félli dautt ef börn sjóðfélaga ættu jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði. Bjarni Guðmundsson svaraði Guðríði og benti á að grein 14.3. ætti sér hliðstæðu í samþykktum allra annarra lífeyrissjóða og það væri einfaldlega verið að koma í veg fyrir margfaldan barnalífeyri í þeim tilfellum sem greitt er í marga lífeyrissjóði.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um ofangreindar tillögur. Atkvæði voru fyrst greidd um tillögu nr. 1 en þar höfðu allir sjóðfélagar atkvæðisrétt. Breytingartillagan var samþykkt samhljóða.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögu nr. 2. Atkvæði voru fyrst greidd um tillögu til breytingar á grein 4.2. en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Hlutfallsdeild atkvæðisrétt. Breytingin var borin upp til atkvæðis og var samþykkt samhljóða. Þessu næst voru atkvæði greidd um tillögu til breytingar á grein 4.3. en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Aldursdeild atkvæðisrétt. Breytingin var borin upp til atkvæðis og var samþykkt samhljóða.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögu nr. 3 en þar höfðu allir sjóðfélagar atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hvor fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögur nr. 4-8 en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Hlutfallsdeild atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hver fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Þessu næst var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögur nr. 9-13 en þar höfðu einungis sjóðfélagar í Aldursdeild atkvæðisrétt. Breytingarnar voru bornar upp til atkvæðis hver fyrir sig og voru samþykktar samhljóða.

Að lokum var gengið til atkvæðagreiðslu um tillögu nr. 14 en þar höfðu allir sjóðfélagar atkvæðisrétt. Breytingin var borin upp til atkvæðis og var samþykkt samhljóða.

6) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Hallfríður Gunnlaugsdóttir og Jón Ívarsson yrðu kjörin og var það samþykkt með lófataki.

7) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga um að laun stjórnarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 50.000.- á mánuði. Laun formanns tvöföld. Laun varaformanns ein og hálf laun stjórnarmanns. Laun varamanna kr. 25.000.- fyrir hvern fund, þó aldrei hærri en kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga var borin upp um að laun skoðunarmanna yrðu óbreytt frá fyrra ári eða kr. 25.000.- á mánuði, greidd eins og laun bankamanna og var hún samþykkt samhljóða.

8) Önnur mál.

Því næst gaf fundarstjóri orðið laust undir síðasta dagskrárlið skv. samþykktum. Enginn kvað sér hljóðs.

Því næst var fundi slitið rétt eftir kl. 19:20. Fundarmenn voru um það bil 56 talsins.

Reykjavík, ____apríl 2011.

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Hinrik Greipsson

Jón Þór Grímsson